

Hveragerði, 2. september 2024

Varðar: Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar nr. 923/2023

Meðfylgjandi eru drög að breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar nr. 923/2023.

Í drögunum er lögð til breyting á 2. málsl. 6. tölul. 1. mgr. B-liðar 48. gr. um *Nefnd um Eignasjóð*. Lagt er til að undir nefndina falli einnig verkefni er varða orkulög nr. 58/1967 og lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998. Breytingarnar eru í samræmi við erindisbréf nefndarinnar sem var samþykkt á fundi hennar 29. ágúst 2024.

Í drögunum er einnig lögð til breyting á 53. gr. samþykktarinnar sem fjallar um framsal sveitarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Þar er um að ræða tvenns konar breytingar.

Lagt er til að afgreiðsla á umsóknum um skólavist utan lögheimilissveitarfélags verði falið móttökuráði fræðsluþjónustu og samhliða að við samþykktina bætist nýr viðauki sem verður viðauki II um fullnaðarafgreiðslu mála hjá móttökuráði fræðsluþjónustu Hveragerðisbæjar. Gert er ráð fyrir að móttökuráð verði ávallt skipað deildarstjóra fræðsluþjónustu og öðrum sérfræðingum stuðnings- og stoðþjónustu eftir þörfum og eðli máls. Gert er ráð fyrir að bæjarráð afgreiði umsóknir í þeim tilvikum þegar samþykki umsóknar hefur í för með sér útgjöld sem eru umfram fjárheimildir.

Einnig er lögð til breyting á orðalagi 53. gr. á nokkrum stöðum, m.a. fyrirsögn ákvæðisins, þar sem í stað orðsins sveitarstjórn kemur orðið bæjarstjórn.

Verið er að vinna að reglum er varða meðferð umsókna um skólavist utan lögheimilissveitarfélags. Gert er ráð fyrir að reglurnar verði lagðar fyrir bæjarstjórn til samþykktar samhliða síðari umræðu um breytingu á samþykktinni að undangenginni afgreiðslu í bæjarráði Hveragerðisbæjar.

Íris Bjargmundsdóttir
Bæjarritari